



## GÖNGU- OG HJÓLASTÍGUR

Síðustu vikur hefur verið unnið að skipulagningu göngu- og hjólastígs frá Vaðlaheiðargöngum að Ytri-Varðgjá og nýjum baðstað sem þar er verið að hefja byggingu á. Norðurorka leggur leiðslur fyrir heitt og kalt vatn og áætlað er að stígurinn liggi ofaná leiðslunum. Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Norðurorka, Svalbarðsstrandarhreppur og Vegagerð hafa unnið að þessari skipulagsvinnu en Svalbarðsstrandarhreppur er ábyrgur fyrir framkvæmdinni innan hreppsins. Nánar verður sagt frá verkefninu á heimasíðu hreppsins.

---

## VINNUSKÓLINN

Opnað hefur verið fyrir skráningu í Vinnuskólann sumarið 2021 á heimasíðu sveitarfélagsins. Vinnuskóli Svalbarðsstrandarhrepps er starfræktur yfir sumarmánuðina, þ.e. júní, júlí og ágúst. Öll ungmenni í 7. - 10. bekk grunnskólans sem eru með lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi geta sótt um starf í Vinnuskólanum. Nemendur í 7. bekk vinna tvo fyrirparta í viku. Vinnutími er 8-16 mánudaga-fimmtudaga og 8-12 á föstudögum.



Á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps er að finna upplýsingar um Vinnuskóla, skráningarblöð, leyfisbréf, reglur Vinnuskólans og vinnutíma.

Sérstakur kynningarfundur um starfsemi Vinnuskólans verður haldinn í Valsárskóla föstudaginn 8. júní kl. 14:00.



## Svalbarðsstrandarhreppur auglýsir laus störf við Valsárskóla og Álfaborg fyrir næsta skólaár

Skólarnir eru á Svalbarðsströnd við austanverðan Eyjafjörð, í 12 km fjarlægð frá Akureyri. Í Valsárskóla eru tæplega 50 nemendur og í Álfaborg eru 35 nemendur. Þar vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, umhyggju, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum. Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans, <https://skolar.svalbardsstrond.is/>

Við leitum að jákvæðum og samvirkisömum einstaklingum sem eru skapandi og sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi, eru tilbúnir að vinna með öðrum og eru nemendum góð fyrirmynd. Starfsmaður vinnur samkvæmt lögum og reglugerðum og skólastefnu Álfaborgar/Valsárskóla og skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps.

### 1. Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir kennara í 100% starfshlutfall.

Næsti yfirmaður er skólastjóri leikskóla.

#### MENNTUN OG HÆFNI:

- Kennararéttindi eða önnur uppeldismenntun áskilin
- Kennslureynsla úr leikskóla æskileg en ekki skilyrði
- Íslenskukunnátta
- Kunnátta í pólsku er afar mikill kostur

#### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna með velferð þeirra að leiðarljósi
- Tekur þátt í faglegri skipulagningu og mati á skólastarfi á jafningjagrunni
- Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/foorráðamenn barnanna með áherslu á tvítyngdar fjölskyldur

### 2. Valsárskóli og Álfaborg auglýsa eftir matráði í 100% starfshlutfall.

Matráður starfar í eldhúsi Valsárskóla sem sér um máltíðir fyrir starfsfólk og nemendur grunn- og leikskóla. Næsti yfirmaður er skólastjóri.

#### MENNTUN OG HÆFNI:

- Nám í matartækni og/eða matreiðslu er mikill kostur
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Íslenskukunnátta
- Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði

#### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Umsjón með mótuneyti skólanna í samráði við skólastjórnmenn
- Umsjón með innkaupum og gerð matseðla
- Dagleg matargerð sem tekur mið af ráðleggingum um mataræði sem embætti landlæknis gefur út

Kaup og kjör auglýstra starfa fara eftir samningum launanefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2021. Rafræna umsókn vegna starfa í skólunum skal senda á skólastjórn á netföngin: [maria@svabardsstrond.is](mailto:maria@svabardsstrond.is) og [maggajensa@svabardsstrond.is](mailto:maggajensa@svabardsstrond.is) Ofangreindir gefa jafnframt nánari upplýsingar um störfin.

Umsókn skal fylgja upplýsingar um fyrri störf, kynningarbréf, menntun, ferilsskrá og leyfisbréf (ef við á). Áskilinn er réttur til að hafna öllum umsækjendum.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps hvetjum við karla jafnt sem konur til að sækja um störfin. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2021 en umsemanlegt er að hefja störf fyrir.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)

## **PISTILL FRÁ NEMENDUM Í 5. OG 6. BEKK.**

Í byrjun janúar fórum við af stað með lestrarátak sem við tengdum við þemavinnu um Ísland. Lestrarátakið virkar þannig að við lesum bækur að eigin vali og að lestri loknum skráum við heiti bókar og blaðsíðufjölda á litla pappírsflugvél og festum upp á vegg. Þannig myndast lest af flugvélum sem kemur við á öllum stærri flugvöllum landsins sem eru 20 talsins og við fljúgum hringinn í kringum landið og fræðumst um þá staði sem við lendum á. Flogið var af stað og ákveðið að fara hringinn austur fyrir land. Nú þegar erum við búin að lenda í Grímsey, á Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafirði og vorum að lenda á Egilsstöðum. Markmiðið er að ná að klára hringinn áður en skóla lýkur í vor.

### Umsagnir nemenda:

Mér finnst þetta fróðlegt og skemmtilegt að lesa - Sædís Heba 6. b.

Mér finnst skemmtilegast að lesa ævintýri - Katrín Eva 5. b.

Mér finnst gaman að vera búin að lesa bókina og hengja upp flugvél - Margrét Dögg 5. b.

Skemmtilegasti parturinn er að gera flugvélar - Sólrún Assa 6. B.

Mér finnst skemmtilegast að gera flugvélar - Guðmundur Baldvin 5. b.

Mér finnst skemmtilegt að lesa - Logi Hrafn 5. b.

Mér finnst þetta skemmtilegt því ég elska bækur - Eyrún Dögg 5. b.

Það sem mér finnst skemmtilegast er að gera flugvélar - Heiðbjört Kristín 6.b.

Mér finnst skemmtilegast að lesa bækur - Sveinn Trausti 5. b.

Mér finnst gaman að lesa - Reynir 6. b.

Mér finnst skemmtilegast að lesa fróðlegar bækur - Eyþór 5. b.

## GÖTUR SÓPAÐAR Á SVALBARÐSEYRI

Íbúar á Svalbarðseyri eru beðnir um að fylgjast vel með næstu daga en gert er ráð fyrir að götur verði sópaðar í þessari viku (12.-16. apríl) eða byrjun næstu. Bifreiðaeigendur eru beðnir um



að færa bíla sína úr götum þannig að hægt sé að sópa. Þetta gildir ekki um stæði innan á lóðum því þrif þeirra eru á höndum húseignenda. Nánari dagsetning verður auglýst á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps.

---

## WC PAPPÍR TIL SÖLU

Erum alltaf að selja wc pappír fyrir ferðasjóðinn okkar.

Nemendur 8. og 9. bekkja Valsárskóla.

Söluaðilar:

- Linda gsm. 8681354
  - Birgir gsm. 8641237
  - Kristján gsm. 8682376
- 

## NÆSTU RUSLADAGAR

15. apríl	- Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
29. apríl	- Almenn/lífrænt sorp
13. maí	- Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp

---

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 20. maí.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 18. maí.

Efni sendist á [sandra.einars@gmail.com](mailto:sandra.einars@gmail.com)